

Fyrsta heimilið



Einu sinni
er allt fyrst

Greiðsluþjónusta

Færðu reikninga í tíma og ótíma? Áttu erfitt með að átta þig á hve mikið þú þarft að greiða í mánaðarleg útgjöld? Þú færð fyrsta árið frítt í Greiðsluþjónustu Búnaðarbankans – og bankinn sér um að greiða reikningana á réttum tíma. Ekki nóg með það, því útgjöldin dreifast jafnt á alla mánuði ársins og þú greiðir alltaf sömu fjárhæð í hverjum mánuði. Þú losnar við gluggapóstinn, dráttarvextina, biðraðirnar og útgjaldasveiflurnar og veist alltaf hvar þú stendur í fjármálum. Mappa fyrir heimilisbókhaldið fylgir.

 **BÚNAÐARBANKINN**
Einstaklingsþjónusta

www.bi.is




Fréttabréf Lindasóknar

2. tbl. 1. árg. aðventa 2002

Safnaðarheimili verður sett á kirkjulóðina í næstu viku

Eins og margir íbúar Lindasóknar hafa eflaust veitt athygli hefur að undanfögnu verið um talsverðar framkvæmdir að ræða á fyrirhugaðri kirkjulóð safnaðarins við Uppsali. Ákveðið var að setja, til bráðabirgða, niður 86 fm safnaðarheimili á kirkjulóðina sem mun hýsa skrifstofu prests og organista auk safnaðaraðstöðu sem hentar fyrir ýmis-

konar fundi, barna og æskulýðsstarf og fleira. Efri myndin sýnir staðinn þar sem safnaðarheimilið mun standa, en neðri myndin er af sjálfu húsinu, sem verið hefur í smíðum í haust hjá Tré X í Garðabæ og mun verða flutt í heilu lagi á kirkjulóðina.



DAGSKRÁ AÐVENTUNNAR

Sunnudagur 1. desember, 1. sunnudagur í aðventu.
Lindaskóli kl. 11.00. Kveikt á spádómakertinu og sungnir jólasöngvar. Föndur fyrir alla fjölskylduna. ATH! Ekki verður um hefðbundna guðsþjónustu að ræða heldur komum við okkur í gott jólasöng með því að hlusta á falleg jólalög með boskapinn um barnið í Betlehem meðan við föndrum. Boðið verður upp á kakó, djús og piparkökur. Einnig munu börn í 10. bekk í Lindaskóla standa fyrir kökubasar. Þar verður að finna glæsilegt bakkelsi til eigin nota og jafnvel til gjafa.

Sunnudagur 8. desember, 2. sunnudagur í aðventu.
Fjölskylduguðsþjónusta í Lindaskóla kl. 11. Kveikt verður á Betlehems kertinu á aðventukransinum. Allir hjartanlega velkomnir.

Þriðjudagur 10. desember kl. 11.00
Kynning á Fjölskyldumorgnum í safnaðarheimili Lindasóknar, Uppsölum 3. Allir velkomnir.

Föstudagurinn 13. desember kl. 15.00
Kynning á LLL – KFUM og K starfinu fyrir börn á aldrinum 9–12 ára. Nánar auglýst betur annars staðar í blaðinu.

Sunnudagurinn 15. desember, 3. sunnudagur í aðventu.
Kl. 11.00 Guðsþjónusta í Lindaskóla. Kveikt á hirðakertinu. Sunnudagskóli fer fram í kennslustofum meðan á guðsþjónustu stendur. Allir velkomnir.

Kl. 17.00 Aðventukvöldvaka Kórs Lindakirkju. Boðið verður upp á vandaða söngdagskrá, upplestur, helgileik og fleira. Léttar veitingar að kvöldvöku lokinni. Aðgangur ókeypis.

Sunnudagurinn 22. des.
Helgihald fellur niður. – Jól dagskráin verður auglýst í jólablaðinu.

Vers aðventunnar

Í árdagsbirtu efsta dags við endurkomu hans, mun mætti dauðans, angist, ógn rýmt út úr lífi manns. Og heimar, geimar, mannsins mál allt merlar gleði og trú. Því aðventunnar ómi bæn: Kom, ástvin, Kristur, nú! Karl Sigurbjörnsson

Guð vonarinnar fylli yður öllum fögnuði og friði í trúnni, svo að þér séuð auðugir að voninni í krafti heilags anda.
Rómverjabréfið 15.13

ATH ATH ATH ATH ATH

Næsta fréttabréf kemur út í vikunni fyrir jól

SJÁ INNI Í BLAÐINU

- Fermingarstarfið
- LLL – KFUM og KFUK
- Mömmumorgnar



**INNROMMUN
KÓPAVOGS**

Hlíðarsmára 11
Sími 555 7650 • Fax 555 7651



LINDASÓKN

Starfsmenn



Sóknarprestur
Guðmundur Karl Brynjarsson, Engjasetli 19, Reykjavík.
Netfang: guðmundurkarl@kirkjan.is
Sími: 864 0554

Organisti



Hannes Baldursson, Veghúsum 13, Reykjavík.
Sími: 862 9944.

Meðhjálpari

Sigríður Kjartansdóttir, Íðalind 1

Sóknarnefnd

Formaður:

Arnór L. Pálsson, Kórsölum 1

Varaformaður:

Berglind Gestsdóttir, Fjallalind 115

Ritari:

Ragna Guðmundsdóttir, Fjallalind 145

Gjaldkeri:

María Kristín Lárusdóttir, Blásölum 24

Meðstjórnandi:

Þorvaldur Ólafsson, Íðalind 1

Varamenn

Anna Einarsdóttir, Ársölum 3

Magdalena Kristinsdóttir, Laugalind 4

Haflór Freyr Sigmundsson, safnaðarfulltrúi, Laugalind 6

Jóhann Hafsteinnsson, Ljósáland 4

Ragnheiður Guðmundsdóttir, Galtalind 15

Símanúmer Lindasóknar 544 4477.

Fréttabréf Lindasóknar

Ritnefnd:

Geir A Guðsteinsson, Galtalind 1 og Guðmundur Karl Brynjarsson

Ábyrgðamaður:

Guðmundur Karl Brynjarsson

AUGLÝSINGAR

MÖMMUMORGNAR

Fyrsti fjölskyldumorguninn í Lindasókn

Heimavinnandi mömmur, börnin þeirra og aðrir áhugasamir athugið! Þriðjudaginn 10. desember kl. 11 verður sérstök kynning á fjölskyldumorgnum (kölluðust einhverntíma mömmumorgnar) sem hefja munu göngu sína strax eftir áramót. Fjölskyldumorgnarnir verða haldnir í safnaðarheimilinu, sem er á kirkjulóðinni, Uppsölum 3. Kynningarmorguninn verður í anda adventunnar, boði verður upp á piparkökur og kakó og létt spjall.



Fyrsta guðsþjónustan í nýrri sókn

Fyrsta guðsþjónustan

Fyrsta guðsþjónustan í nýrri sókn, Lindasókn í Kópavogi sem nær yfir Vatnsenda-, Sala- og Lindahverfi, fór fram í Lindaskóla 8. september sl. að viðstöddu fjölmenni. Lindaskóli verður aðalmessustaður sóknarinnar þar til ný kirkja hefur risið í námunda við nýjan kirkjugarð sunnan Salahverfis. Þar mun á næstunni verða sett niður bráðbirgðahúsnæði sem hefur verið í smíðum í Garðabæ. Á nýja staðnum herfur sóknarpresturinn, sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, samstað ásamt organista sóknarinnar og þar geta þeir tekið á móti þeim sóknarbörnum sem til þeirra leita. Prófastur Reykjavíkurprófastdæmis eystra, sr. Gísli Jónsson, setti sr. Guðmundur Karl Brynjarsson inn í embætti sóknarprests. Nýr kirkjukór söng við athöfnina undir stjórn nýráðins organista, Hannesar Baldurssonar. Tvö börn voru skirð við athöfnina, Vaka og Kjartan Freyr. Að lokinni messu ávörpuðu ýmsir gestir hinn nýja sóknarprest og söfnuð, og óskuðu þeim Guðs blessunar. Meðal þeirra var sr. Íris Kristjánsdóttir, sóknarprestur Hjallakirkju, sem þjónaði Vatnsenda-, Sala- og Lindahverfi meðan þau voru hluti af Hjallaskókn.

ANNAR Í JÓLUM SKÍRNARGUÐSÞJÓNUSTA

Nýbakaðir foreldrar athugið

Á annan í jólum kl. 11 verður boðið upp á sérstaka skírnarguðsþjónustu í Lindaskóla. Áhugasamir hafi samband við sóknarprest, Guðmundur Karl Brynjarsson s. 864 0554 eða 544 4477 eftir 8. desember.

Skírnir í Lindaprestakalli í haust

Vaka Viðisdóttir, dóttir hjónanna Viðis Péturssonar og Berglindar Gestsdóttur var skirð í fyrstu guðsþjónustu safnaðarins í Lindaskóla þann 8. september síðastliðinn. Vaka á þrjú eldri systkini en fjölskyldan býr í Fjallalind 115.

Kjartan Freyr Björnsson var skirður í sömu guðsþjónustu. Foreldrar Kjartans Freys eru Ásdís Björk Þorvaldsdóttir og Björn Kjartan Sigurþórsson. Fjölskyldan býr í Keflavík.

Lára Pálsdóttir var skirð í fjölskylduguðsþjónustu í Lindaskóla 13. október. Hún er dóttir hjónanna Gígju Þórðardóttur og Páls Liljars Guðmundssonar. Sölvi, stóri bróðir Láru söng fyrir systur sína þegar hún hvaði verið skirð. Þau búa í Núpaland 8.

Kristján Ingi Þorbjörnsson var skirður í Kópavoskirkju þann 20. október. Hann er fyrsta barn foreldra sinna, þeirra Ingibjargar Helgu Ingólfssdóttur og Þorbjörns Ólafssonar en fjölskyldan býr í Glósölum 12.

Guðbjörg Ýr Hilmarisdóttir var skirð 2. nóvember heima, í Ljósulind 6. Foreldrar hennar eru Hanna Björk Sigurðardóttir og Hilmar Magnússon. Guðbjörg Ýr á líka stóran sex ára bróður sem heitir Bjarki Þór.

Fermingarstarfið

Næsta vor munu 54 börn fermast í fyrsta fermingarhópnum í Lindaprestakalli. Fermt verður í tveimur hollum laugardaginn 22. mars í Hjallakirkju. Fermingarfræðsla hófst með ferð í Vatnaskóg 5.-6. september síðastliðinn en annars er fræðslunni þannig háttað að börnin sækja hana alla á 5 helgum í vetur, í stað reglubundinna mætinga eins og víða tíðkast.

Um er að ræða bæði hefðbundna kristindómsfræðslu, söng og helgihald, en laugardeginn er að mestu varið í að undirbúa guðsþjónustu sunnudagsins. Við undirbúninginn er skipt í hópa sem ýmist

æfa söng og helgileik auk þess sem einn hópur sér um að undirbúa praktíska þætti guðsþjónustunnar, svo sem að raða upp í salinn, afhenda sálmbækur við inngang og fleira. Tvær fyrstu fermingarhelgarnar eru þegar liðnar en þær voru haldnar 11.-13. október og 8.-10. nóvember. Fræðarar í fermingarfræðslunni eru, auk sóknarprests, Hannes Baldursson, organisti og Henning Emil Magnússon, guðfræðinemi. Næsta fermingarhelgi verður haldin 10.-12. janúar og er fólk hvatt til að fjölmenna í guðsþjónustuna í lok þeirrar helgar.




Í rítunni á leið heim úr Vatnaskógi

LLL - KFUM&K

Í fyrravetur var haldið úti kirkjustarfi á vegum Hjallasafnaðar fyrir börn í núverandi Lindasókn. Þetta starf bar nafnið Litlir lærisveinar í Lindaskóla, eða LLL. Ákveðið var að hefja það starf í húsi safnaðarins í haust um leið og safnaðaraðstaðan yrði tilbúin. Vonir stóðu til að geta hafist handa með starfið strax í byrjun nóvember en það hefur dregist nokkuð. Engu að síður mun verða haldinn kynningarfundur á LLL (sem nú stendur fyrir Litlir lærisveinar í Lindasókn) föstudaginn 13. desember næstkomandi frá kl. 15-16 en starfið hefst með miklum krafti þann 17. janúar 2003. Lindasókn verður í samstarfi með KFUM&K í vetur og mun tveggja hæða Lundúnastrætó sækja börnin í starfið við Lindaskóla og Salaskóla og

keyra þau áleiðis heim aftur að loknum samverum.

LLL-KFUM &K er ætlað öllum börnum í Vatnsenda-, Sala-, og Lindahverfi á aldrinum 9-12 ára.



SPURT Í VATNASKÓGI Hvernig fannst þér námskeiðið?



Ögmundur Jónsson
Mér fannst mjög gaman. Verst að ekki var hægt að lána bátana. Ég lærði mjög marga námskeiðinu og heyrði ýmislegt sem ég hafði ekki heyrt áður.



Ragnheiður Braga Geirsdóttir
Ég lærði margt nýtt og það var meiriháttar gaman. Mér fannst skemmtilegast á kvöldvökunni og svo vann mið hópur rateikinn.



Guðjón Einar Stefánsson
Þetta var svaka stuð allan tímann. Mér fannst gaman hvað við náðum vel saman, sátum og spjölluðum og fórum í koddaslag (já ég veit að það mátti ekki vera í koddaslag það er bara svo gaman). Kennslustundirnar voru mjög fræðandi.



Jórunn Steinsson
Mér fannst þetta bara fínt, afslappandi. Svo lærði ég líka fullt.